


KVELDRÆÐUR.



DR. HELGI PJETURSS.

Skírnir 1907

Kveldræður.

Heimur og mannkyn.

Steinn, Hallbjörn og Þormóður eru á gangi um kveld. Það er kyrt veður og stjörnuljóst.

Steinn.

Alt af þykir mér jafn furðuleg sjón þetta blikandi myrkradjúp, öll þessi tindrandi heimsaugu. Eg fer að reyna að hugsa mér hvað þetta er. Þessi ljós, sem líða tignarlega yfir himinhvolfið, svo hægt, að fljótt á að lita virðist alt standa kyrt, eru í rauninni bál, hnöttótt, eldkúlur, stærri en svo, að nokkur hugmynd nái þar til, og sendast um geiminn með hraða, sem fer langt fram úr öllu því er vér getum ímyndað oss. Heimurinn er í rauninni fyrst og fremst þessi feiknarlegi eldhnatta slöngvanleikur: alt annað sem gerist er, ef þar til er jafnað, minna en vindblær hjá hafdjúpi. En þegar vér minnumst þess, að geimurinn er takmarkalaus, þá verða þó jafnvel þessi jötunbál í samanburði við algeiminn eins og neistar í náttmyrkri.

Er ekki eðlilegt, að vér hugsum oss einhvern æðsta höfuðsmið sem höfund að þessari reginsmið, undrumst af hans og vizku og tókum undir með skáldinu:

logandi hvelfing ljósum skírð
þú lofar skaparans miklu dýrð.

Hallbjörn.

Eðlilegt að vísu, af því að hugum vorum hefir þegar frá barnæsku verið beint í þá átt. En vitrir menn hafa

sannfært mig um, að það er meiri von til að vér gætum mokað burt Esjunni þarna, heldur en gert oss nokkra sennilega hugmynd um upphaf heimsins; og skritið er að hugsa til þess, að einmitt þetta alveg óviðráðanlega efni skuli það vera, sem bóknám barna byrjar á hér hjá oss. Eg veit það líka, að endalykt heimsins — ef nokkur verður — er jafn fjarri skilningi mínum.

En þrátt fyrir það reyni eg þó til að renna hugarum í djúp tímanna, og fátt hvetur fremur til þess en alstirndur himinn. Eg hugsa um það hvernig þessi sömu bláköldu ljós blikuðu niður yfir jörðina áður en nokkurt auga var til að sjá þau, og nokkur meðvitund, sem þau vektu hugmyndir í. Og hversu margt hafa þau ekki horft á. Þau hafa séð snjófölu fjöllin hér í kring verða til, og þau munu sjá þau hverfa; undir þessum sömu stjörnum hefir lífið hafizt og þróast, og það sem undraverðast er, meðvitund mannsins; oss finst sem heimurinn hafi verið sálarlaus áður en hún var til. En þó er það einmitt saga lífsins á jörðinni, og þá fyrst og fremst mannkynssagan, sem þverbannar mér að taka undir lofgjörðina um hina margnefndu »dásamlegu niðurröðun«. Það eru nú sjálfsgagt orðnar 2 miljónir ára síðan fyrst fór að skapast maður úr dýri, og hver er aðalárangurinn? Sá að þjáningarnar á jörðinni hafa verið óviðjafnanlega miklu meiri síðan, en um allar aldir frá upphafi lífsins áður. Hvilik meðferð á þessari úrvalskefpu, sem meira getur fundið til en allar aðrar: þessum dýrgrip, sem fyrst hefir gefið heiminum nokkra verulega meðvitund um sjálfan sig. Hirðuleysi og grímd náttúrunnar — hér verður audvitað að beita líkingarfullum orðum — er hvergi skelfilegri en gagnvart mönnunum. Að mannlíf skuli geta farist fyrir slys, að hinn þarfasti vitringur skuli geta marist sundur undir heimsku vagnhjóli, að ungbarn, sem er von og gleði foreldra sinna skuli geta verið dauðadæmt fyrir algengt og lítills háttar hirðuleysi og þar fram eftir götunum, alt þetta ber vott um kæruleysi og grímd. Er það ekki háðung við kórónu sköpunarverksins, að

mannslíkaminn skuli fyrir ýmsar örsmáar jurtir vera sá jarðvegur sem þær þrífast í honum til bana oft og einatt?

En allraverst er það þó, að sú skepna, sem manninum hefir verið lang grimmust er — maðurinn. Um langar aldir átu þeir hverir aðra, eftir því sem við varð komið, og eftir að því linti, þótti hver maður því meira verður, sem hann var duglegri morðingi; enn þá er það sitt aðalstarf siðudustu þjóðfélaga að vigbúast, og þetta mest af því, að ekki er nóg til að éta handa öllum og hinir mest metnu og ábatavænlegustu atvinnuvegir eru í eðli sínu meira og minna ránsamlegir. Eftir tvær miljónir ára eru mennirnir ekki komnir lengra en það, að þeir verða að beita kröftum sínum og viti mest til þess að hafa ofan í sig að éta, og mikill hluti þeirra sveltur þó. Þetta finst mér klaufalegt, þegar þess er gætt, hvílik afsuppspretta er af að taka; en það sem vantar er ekkert annað en afl, sem rétt er beitt. Mér dettur í hug, að það afl, sem kemur fram í einu jökulhlaupi hérna sunnanlands, mundi ef til vill, hefði verið ráð til að beita því til matfanga, hafa verið meira en nóg til þess að enginn hefði soltið frá landsins byggingu og fram á þenna dag.

Það sem mannkyninu hefir áskotnast af góðu er fjarri því að vera örugg eign; því stendur m. a. sífeldur voði af ráðriki manna og fégirni. Vald auðmannanna hefir aldrei verið viðtekara en nú, og af því stafar mest sá afturkiptur í andlegum efnum, sem einkennir svo mjög þessa síðustu tíma. Takist maurapúkunum að ná til fulls því valdi, sem þeir sækjast eftir, þá má búast við enn þá stórkostlegri afturkipt menningarinnar en varð þegar menning Forngríkkja og Rómverja leið undir lok, og þá ræki sennilega að því á endanum, að mannfélagið mundi sundurleysast í eldi þess haturs, sem kúgun og ranglæti hefði kveikt. Er það voðaleg tilhugsun, þó að sennilega mundi skjóta upp einhverju aftur úr hafi framtíðarinnar, eftir þann surtarloga.

Dálitið sýnishorn ástandsins sem verða mundi sjáum vér á Rússlandi nú, þar sem á þessum síðustu tímum

hafa verið unnin þau hryðjuverk, að sögur fara ekki af öðrum verri.

Þegar eg lit á alt þetta, finst mér það mega heita slynsni, að forfeður vorir neyddust til þess endur fyrir löngu, að fara ofan úr trjánum og verða menn.

Þ o r m ó ð u r.

Þú virðist hugsa svipað og eitt af vorum beztu skáldum, Stephan G. Stephansson, er hann kveður svo:

Því jafnvel í fornöld sveif hugur eins hátt.
Og hvort er þá nokkuð sem vinst?

En eg er viss um, að þeim er svo hugsa, er óþarflega svart fyrir augum. Það er enginn vafi á því, að allan þann langa tíma — lang lengsta kaflann, sem af er ævi mannkynsins — er menn höfðu ekki önnur verkfæri en trjá-lurka og lítt tilhöggna hnefasteina eða ótilhöggna, þá sveif hugur mannanna æði miklu lægra en síðar. Veit eg nú raunar, að skáldið mun aðallega eiga við blómaöld Grikkja, en hún liggur býsna langt frá fornöld mannkynsins, svo langt, að oss liggur við að kalla þá Aristoteles og Herbert Spencer samtíðarmenn, þegar við miðum þá við frumherja mannkynsins langt aftur á steinöldum.

Vér getum verið alveg vissir um það, að framför hefir átt sér stað og hún mikil, og annað það, að framfarirnar verða því hraðstígari sem fram í sækir. Þó að vér hefðum með 10000 ára millibili komið til forfeðra vorra á elztu steinöld, áður en þeir kunnu að binda á skaft steininn sem þeir höfðu í hendina, þá hefðum vér séð litinn sem engan mun á þeim lífþægindum sem þeir gátu aflað sér eða á skoðunum þeirra á sjálfum sér eða umheiminum; en aldrei hefir munurinn í þeim efnun verið meiri en síðustu 2—300 árin. Og þrátt fyrir þenna afturkipt sem þú mintist á, er þó ýmislegt, sem bendir á að einmitt nú sé tímamót í sögu mannkynsins, mikilvægari en nokkurn tíma hafa verið áður, svo mikilvæg, að

oss liggur við að segja, að hið eiginlega mannkyn, homo sapiens, mannskepnan viti borna, sé fyrst að hefjast nú.

Hin ljómandi nöfn Lamarcks, Lyells, Darwins og Spencers — og það mætti hér einnig nefna Goethe, Schopenhauer, Nietzsche og H. G. Wells — tákna nýtt tímabil í vitkunarsögu mannkynsins. Áður mátti heita, að hugsun mannkynsins væri barnsleg, tengd við augnablikið, við það sem er, en ekki við það sem var og verður. Þessir konungar andans hafa opnað oss nýja heima. Nú sjáum vjer langt aftur í horfnar aldir; vér sjáum hvornig mannkynið hefir hafizt af lágum stigum. Og vér sjáum fram. Hinum megin við þann Kaldbak, sem leiðin liggur yfir, er Íðavöllur. Og þangað er ferðinni heitið. — Það mun vera sú ferð, sem skáldið kveður svo aðdánlega um í kvæðinu »Brautin«. Nú sjáum vér, að ætlunarverk mannkynsins er einmitt að ráða bót á göllum þeim sem á heiminum eru. Mannúð er komin til sögunnar og mannvit. Það er allur munurinn. Þetta er það, sem hefir verið að breyta heiminum og mun þó breyta honum enn þá miklu meir til góðs. Tafir geta orðið, af kúgun og andlegu ófrelsi, en að framför mannkynsins geti orðið stöðvuð til fulls, það kemur mér ekki til hugar. Og framundan því sem mannkynið getur afrekað með likri sálar- og líkamsgerð og það er nú, að eins ef þekkingin eykst, hillir undir annað miklu meira. Dýpsta framtíðarvon mannkynsins er kynslóð, sem að vísu á ætt sína að rekja til manns og konu, en verður þó mönnumum eins miklu ædri og þeir eru dýrunum; það er sú von, að þessir niðjar mannanna muni taka stjórn- tauma heimsins í hendur sér af óviðjafnanlega miklu meira affi og vizku en mannkynið gat gert, uppræta grimd og ilsku og allar þær þjáningar, sem hljótast af illgirni og heimsku, en láta ríkjá réttlæti og gæzku.

H a l l b j ö r n.

Gallinn á þessari framsýn, þó að hún væri nú rétt, er meðal annars sá, að allir vér, sem nú lifum, verðum löngu dauðir áður en nokkuð af henni fer að rætast, og

erum vér þá nokkru nær? Og er það ekki skrambans mikill galli á þessari fögru framtíð, ef allar hörmungar umliðna tímans eiga að liggja undir rótum hennar óbættar?

Þ o r m ó ð u r.

Eg hygg nú, að þessi framsýn sé þegar að nokkru leyti farin að rætast, og að upphafið sé einmitt það, að manngur hugur hefir getað sviðið eins hátt og þessara manna, sem eg nefndi. Og hvað hörmungar vors eigin lífs og umliðna tímann snertir, þá er ekki að vita nema leiðrétting allra mála fáist, þó síðar verði.

H a l l b j ö r n.

Skáldskapur er þetta, að minsta kosti að því er áreiðanleikann snertir. En hitt er víst, að aukinni meðvitund fylgja auknar kvalir. Skyldi það ekki vera meðfram þess vegna, sem þeir menn, er helzt hafa aukið við meðvitund mannkynsins, hafa sjaldan átt miklum vinsældum að hrósa, en oftast orðið fyrir hatri eða þá lítillsvirðingu. Slíkt væri nokkurs konar hygni heimskunnar og sjálfsvörn.

Þ o r m ó ð u r.

Ekki getur þú neitað því, Hallbjörn, að mannviti og mannúð hefir þegar orðið nokkuð ágengt að draga úr hörmungum mannlífsins. Og þegar vér gætum þess, að engin veruleg siðmenning er til ennþá, heldur að eins drög til siðmenningar, af vísindum varla annað en nokkur fúmatríði og brot, þá höfum vér fylsta skynsemisrétt til að vona hins bezta af framtíðinni að því er umbætur á mannlífinu snertir. Og að líftegundirnar breytast vitum vér. Óbeitin á vitrum mönnum er nú ef til vill minni og sjaldgæfari en þú myndar þér; miklu algengara hygg eg það vera, að þeir séu lítillsvirtir sem sérvitringar, er menn sjá ekki að komi að notum í gangvél daglega lífsins. En sú óvild, sem á sér stað, stafar miklu fremur af þrá og sigandi þunga heimskunnar en hygni heimskunnar, er þú nefnir svo. Enn fremur ber

þess að gæta, að marga styður heimskan fremur öllu öðru til fjárafla, yfirdrottnunar; þeir væru ekki konungar nema yfir blindum, og því er engin von að þeim sé vel við óvini heimskunnar.

Hafið þið annars tekið eftir því, hvað það er skritið, að orðið sérvitringur skuli vera lastmæli, þar sem þó allar uppgötvanir, allar framfarir, eru í upphafi að eins til í huga einstaks manns: eru með öðrum orðum sérvizka. Það var sérvitringur, sem fyrst kom til hugar að laga dálítið steininn sem forfeður hans, þúsundum ára saman, höfðu notað eins og þeir fundu hann; það var sérvitringur, sem þúsundum ára síðar batt stein á skaft og margfaldaði þannig þunga höggs sins; og, svo að eg hlaupi yfir svo sem 100000 ár eða hver veit hvað, hversu miklir sérvitringar eru það ekki, sem eiga upp-tökin að merkasta viðburði þessara tíma, skilnaði ríkis og kirkju á Frakklandi?

Orðið mérvizka er ekki til, fremur en orðið mérhlífni. Þeir eru fáir, sem hafa sagt eins og Goethe: Eg er mér-vitur. Því miður hugsaði Goethe nú, eins og kunnugt er, ekki á voru gullfagra máli; en eg hygg það sé rétt að þýða eins og eg hefi gjört, það sem hann hefir sagt einhverstaðar. Þýðingin á orðinu sérvitringur minnir á að idiót, aulabárður, þýðir upphaflega einstaklingur. Í þýðingu þeirri, sem lögð hefir verið í þessi orð, kemur skritilega fram fordæming fjöldans — og þó ekki síður forkólfa hinna heimsku — á þeim, sem víkja eitthvað af almanna-leið. Orðin eru oft merkilega bersögul um huga mannsins og margfróð, þegar vér förum að virða þau fyrir oss. Og hvílíka fjársjóði hefir vort göfuga mál að geyma í þessum efnum; víst ber islenskan það með sér, að hún hefir verið töluð af mönnum, sem með réttu áttu sér kenningarnafnið: hinn spaki. Og hversu mjög meðferð vor á málinu lýsir því, að nú á dögum eru að eins hestar spakir á þessu landi, en mennirnir ekki nema »gáfaðir«, og það þegar bezt lætur.

Steinn.

Eg efast ekki um að þessar síðustu hugleiðingar muni vera réttar, en hitt er þó efmál, hvað vel þær eiga við þarna; því að eins og þú gefur í skyn, munu það ekki vera neinir spekingar, sem hafa gert orðið sérvitringur að lastmæli.

En sleppum þessu orðatali og vikjum aftur að því sem þú sagðir um leiðrétting allra mála síðar meir. Mér virtist það nokkurs konar trúarjátning og þótti gott að heyra.

Þormóður.

Engin trúarjátning var það. Trú er, eins og þú veizt, sannfæring um þau efni, sem menn vita ekkert um, og á sér því ekki stað hjá þeim sem hugsa eða leitast við að hugsa vísindalega. En það sem eg átti við er að eins von, er mest byggist á vitneskjunni um vanþekkingu vora. Þó að mikið sé þegar að gert að ýmsu leyti, þá eru þó miklar líkur til, eins og eg drap á áðan, að landnám í heimi vísindanna megi naumast heita meir en nýbyrjað; svo mikið sé þar ónumið enn. Þess vegna getum vér sagt: »óvíst er at vita«. Það má alt af vona að það séu perlur á botni þess hafs, sem ekki verður kafað. Og því skyldu menn ekki, sér til gamans, gera sér í hug, að í djúpinu kunni að vera perlur, sem náist síðar meir með fullkomnari færur. En auðvitað má ekki sú hugsun verða svo rík, að hún tefji eða truffli siglingu vora. Og það sem vér vonumst eftir, er ekki »hinum megin« heldur framundan.

Steinn.

Eg skil ekki til fulls hvað þú fer; en nú er framorðið og skulum við fara að hætta þessu tali.

Þormóður.

Fáein orð enn. Ein afleiðing þessarar skoðunar, sem eg drap á, hlýtur að vera sú, að þýðing barnanna, næstu kynslóðarinnar, verði mönnum enn þá meir í augum uppi

en nú. Því ríkari sem sú hugsun verður, að þessir smáu og varnarlitlu líkamir og þessar gljúpu sálir séu framtíðarvon mannkynsins, því fremur hlýtur alt það sem lýtur að uppeldi og mentun að verða allsherjar áhugamál, svo að þroskinn verði sem mestur, en sem fæst kulni út af þessu ungvíði, eða verði að kræklóttum hríslum. Sennilega munu menn komast á þá skoðun, að meðferð ungbarna sé í rauninni það, sem ætti að vera mesta áhugamál hvernar þjóðar. Þá er undirstaðan lögð, sem mestu varðar. (Hallbjörn brosir).

Látum oss klykkja út í kvöld með þeirri ósk, að einnig hér á landi verði farsællega starfað að því, að þessar stjórnur lýsi, þegar stundir liða fram, yfir kynslóðum, sem andlega og ekki síður líkamlega eru betri og beinvaxnari en vér.

Í nóvember 1906.

HELGI ÞJETURSSON.
